

**Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 5. desember 2005

Efni: Þingsáttill. um könnun á stjórnmalapátt. kvenna (29. mál).

Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Tillagan gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að kanna viðhorf og væntingar til stjórnmalapátttöku, áhrifa og valda kvenna.

Þess er ekki getið hver tilgangur slíkrar könnunar er eða til hvers niðurstöður hennar yrðu notaðar. Það eina sem virðist víst í tillögunni er það að hún feli í sér útgjöld af hálfu hins opinbera. Þróunin er sú að hlutfall karla og kvenna í ýmsum geirum er að jafnast og er ólíklegt að slík þróun sé afrakstur opinberra kannanna, eða annarra afskipta af hálfu hins opinbera.

Þótt æskilegt geti talist að hlutfall kvenna og karla í stjórnmalum sé sem jafnast er ekki þar með sagt að þörf sé á opinberum afskiptum eða fjáraustri. Verkefni af þeim toga sem nefnd eru í tillögunni ættu að vera fjármögnuð af samtökum og öðrum sem kjósa að ljá slíkum málstað lið. Óréttlátt er að neyða skattgreiðendur til að fjármagna slík verkefni.

Viðskiptaráð leggst því gegn því að tillagan nái fram að ganga.

f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson